

Reglur nýs skipulags Norðurlandaráðs ungmenna

Samþykkt á þingi UNR 26.10.2024.

1. Nafn og heimilisfang félagsins

Heiti félagsins er Ungdomens Nordiska Råd rf. (skammstafað UNR), aðsetur þess er í Helsinki, Finnlandi.

Félagið kallast á finnsku Nuorten Pohjoismaiden Neuvosto, á íslensku Norðurlandaráð ungmenna, á færeysku Ungdómsins Norðurlandaráð, á grænlandsku Nunat Avannarliit Inuusuttut Siunnersuisoqatigiiffiat og á norðursamísku Davvirikalaš nuoraidráđđi.

Skammstöfunin UNR er notuð á öllum tungumálunum.

2. Tungumál

Opinbert tungumál samtakanna er sænska. Skjöl félagsins eru einnig skrifuð á dönsku, finnsku, íslensku og norsku.

Fundargerðir þingsins og stjórnarinnar eru ritaðar á einhverju hinna skandinavísku tungumála.

3. Markmið og starfshættir

Markmið félagsins er að skapa vettvang þar sem ungt stjórnmalafólk frá Norðurlöndunum getur rætt og haft áhrif á málefni ungs fólks á norrænum vettvangi. UNR er fulltrúi ungs fólks gagnvart Norðurlandaráði, Norrænu ráðherranefndinni og öðrum aðilum sem sinna norrænum málefnum. UNR aðstoðar aðildarsamtök sín við að efla skilning, tengsl og vilja til samstarfs þvert á landamæri Norðurlandanna með þátttöku í norrænu samstarfi.

Félagið sinnir markmiðum sínum með því að setja málefni ungs fólks á dagskrá Norðurlanda, endurnýja, þróa og hafa áhrif á norrænt samstarf og vera vettvangur þar sem ungt stjórnmalafólk getur skipst á hugmyndum og framtíðarsýn um Norðurlöndin í dag og til framtíðar. Ungt fólk sem tekur þátt í UNR fær innsýn í hvernig Norðurlandaráð, Norræna ráðherranefndin og annað norrænt samstarf gengur fyrir sig og er undirbúið fyrir þing Norðurlandaráðs.

4. Aðildarsamtök

Aðildarsamtök félagsins eru ungliðahreyfingar stjórnmalaflokka með fulltrúa á þjóðþingum Norðurlandanna eða sambærilegum stofnunum.

Stjórn félagsins heldur utan um félagaskrá yfir aðildarsamtökin og tengiliði þeirra.

Upplýsingar um skiptingu atkvæða milli aðildarsamtaka eru sendar út með fundargögnum fyrir þingið.

5. Heiðursfélagar

UNR getur átt heiðursfélaga. Einstaklingar eða samtök geta orðið heiðursfélagar vegna framúrskarandi starfa í þágu samtakanna.

Stjórn UNR getur gert einstaklinga eða samtök að heiðursfélögum fyrir framúrskarandi störf í þágu samtakanna og að hafa stuðlað að markmiðum þeirra. Þá getur stjórnin ákveðið að gera einstakling sem samtökin vilja veita sérstaka viðurkenningu að heiðursfélaga. Stjórnin tekur ákvörðun um heiðursfélaga á grundvelli tilnefninga. Stjórnin tekur afstöðu til tilnefningarinnar og ákveður hvort gera skuli viðkomandi einstakling eða samtök að heiðursfélaga. Í tilnefningunni skulu færð rök fyrir því hvers vegna skuli gera viðkomandi einstakling eða samtök að heiðursfélaga. Í tilnefningunni skal tilgreint framlag viðkomandi einstaklings eða samtaka til UNR. Tilnefningar skulu alltaf berast skriflega til stjórnar sem afgreiðir tilnefninguna á næsta fundi sínum. Heiðursfélagar eru kynntir á þinginu.

6. Regnhlífarsamtök

Aðildarsamtök UNR geta stofnað regnhlífarsamtök með þátttöku að lágmarki þriggja (3) aðildarsamtaka frá eigi færri en þremur (3) norrænum löndum. Aðildarsamtök mega aðeins tilheyra einum (1) regnhlífarsamtökum.

Ný regnhlífarsamtök þarf að tilkynna til stjórnarinnar eigi síðar en þremur (3) mánuðum fyrir þing. Stjórnin fjallar um tilkynninguna og samþykkir regnhlífarsamtökin ef þau uppfylla kröfur í þessum reglum.

Fulltrúar regnhlífarsamtaka í stjórn UNR skulu koma frá einum aðildarsamtaka UNR í hverju af norrænu löndunum átta.

Hver regnhlífarsamtök skulu halda að lágmarki einn (1) fund á ári, hvort sem er staðfund eða fjarfund, og setja sér reglur. Fundargerðir og reglur skulu sendar stjórn UNR eigi síðar en í september ár hvert.

Upplýsingar um regnhlífarsamtökin í UNR eru sendar aðildarsamtökunum með öðrum þinggögnum.

7. Áheyrnarsamtök

UNR getur haft áheyrnarsamtök. Ungmennasamtök óháð stjórn mála flokkum sem sinna málefnum ungs fólks á Norðurlöndum og styðja tilgang og starfsemi félagsins geta fengið áheyrnaraðild.

Áheyrnarsamtök hafa áheyrnarrétt, málfrelsi og tillögurétt á þingi.

Samtök geta sótt um áheyrnaraðild eigi síðar en þremur (3) mánuðum fyrir þing. Ný áheyrnarsamtök eru samþykkt af stjórninni með einföldum meirihluta.

Stjórnin sér um að halda skrá yfir áheyrnarsamtök og tengiliði þeirra.

8. Félagsgjöld

UNR innheimtir ekki félagsgjöld.

9. Stjórn

Stjórn fer með málefni félagsins.

Starfstímabil stjórnar er eitt (1) almanaksár. Stjórnin er kosin á stofnfundi í tengslum við þingið.

Stjórnarmenn þurfa að hafa náð 15 ára aldri og forseti og varaforseti 18 ára aldri við upphaf starfstímabilsins.

Í stjórn situr einn (1) forseti, einn (1) varaforseti og allt að sjö (7) meðstjórnendur. Hver regnhlífarsamtök geta tilnefnt einn (1) stjórnarmann og einn (1) varamann. Regnhlífarsamtök geta ekki átt fleiri en einn meðstjórnanda og einn varamann í stjórn, að forseta og varaforseta meðtöldum. Ef regnhlífarsamtök eru fleiri en sæti í stjórninni er kosið milli frambjóðenda. Samband ungmennadeilda Norrænu félaganna (FNUF) er með áheyrnaraðild án atkvæðisréttar í stjórninni.

Stjórnin kemur saman að beiðni forseta eða varaforseta í forföllum forseta þegar þörf er talin á eða að lágmarki helmingur stjórnarmanna óskar þess. Stjórnin er ákvörðunarþær þegar að lágmarki helmingur stjórnarmanna, að forseta og varaforseta meðtöldum, er viðstaddur. Varafulltrúar forseta og varaforseta eiga sæti í stjórninni. Ef forseti getur ekki setið fundinn fer varaforseti með verkefni forseta.

Hver meðstjórnandi fer með eitt atkvæði. Atkvæðagreiðslur ráðast af einföldum meirihluta. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði fundarstjóra, en ef um leynilega atkvæðagreiðslu er að ræða, ræður hlutkesti.

10. Kosning stjórnar

Þingið kys stjórn. Stjórn, þar á meðal forseti og varaforseti, getur verið skipuð fulltrúum frá hinum ýmsu Norðurlöndum.

Regnhlífarsamtökum í UNR er heimilt að tilnefna einn (1) frambjóðanda í stjórnina og einn (1) varamann. Regnhlífarsamtök sem tilnefna frambjóðendur til forseta eða varaforseta geta einungis tilnefnt einn (1) varamann í stjórn. Tvenn regnhlífarsamtök geta ákveðið að tilnefna sameiginlega einn (1) frambjóðanda í stjórn og einn (1) varamann þannig að önnur samtökin tilnefni stjórnarmanninn en hin varamanninn.

Forseti eru kjörin í persónukosningum með einföldum meirihluta. Ef frambjóðendur eru fleiri en tveir og enginn þeirra hlýtur meira en helming atkvæða fara þeir tveir frambjóðendur sem fengu flest atkvæði áfram í seinni umferð. Varaforseti er kjörin á fyrsta fundi forsætisnefndar þar sem allir fulltrúar regnhlífasamtakanna í forsætisnefndinni eru atkvæðisþærir. Falli atkvæði milli tveggja eða fleiri frambjóðenda jafnt ræður hlutkesti.

Stjórnina skipa auk þess einstaklingar sem hafa boðið sig fram til stjórnar. Ef frambjóðendur eru fleiri en sæti í stjórn fara fram kosningar. Kosningin fer fram með þeim hætti að hvert greitt atkvæði skiptist milli frambjóðenda sem skráðir eru á kjörseðilinn. Sá frambjóðandi sem er skráður fyrstur fær eitt atkvæði, annar fær hálf atkvæði, þriðji þriðjung atkvæðis, og svo framvegis. Frambjóðendur eru kosnir í þeirri röð sem atkvæðafjöldi þeirra segir til um.

Stjórnin setur tímaáætlun fyrir tilnefningu frambjóðenda og fylgir sú tímaáætlun í fundarboði.

11. Verkefni stjórnar

Stjórnin kemur fram fyrir hönd UNR í Norðurlandaráði, nefndum þess og öðrum verkefnum. Hlutverk forsætisnefndar er að tryggja samfellu í samstarfi og samskiptum milli UNR og Norðurlandaráðs.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum og stjórnsýslu UNR. Verkefni má fela starfsfólki eða öðrum samtökum með samstarfssamningi.

12. Þing

Þingið er æðsta ákvörðunarvald UNR. Þingið er haldið árlega á undan þingi Norðurlandaráðs.

Þingið er haldið í sömu borg og þing Norðurlandaráðs.

13. Skipting atkvæða

Aðildarsamtökin hafa eitt (1) atkvæði hvert á þingi.

Auk þess hafa aðildarsamtök með móðurflokk í Norðurlandaráði eins mörg atkvæði og sæti móðurflokksins í Norðurlandaráði.

Atkvæðum má ekki dreifa á fleiri einstaklinga. Samtökin þurfa að vera viðstödd þingið til að geta nýtt atkvæði sín. Atkvæði má ekki framselja með umboði til annarra samtaka.

Til að fulltrúi aðildarsamtaka hafi atkvæðisrétt á þingi þarf hann að framvísa umboði frá samtökunum, undirrituðu í samræmi við reglur samtakanna.

Aðildarsamtök geta sent fleiri en einn fulltrúa sem áheyrnarfulltrúa á þingið en þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

Ef stjórnin eða þingið ákveða það, er einnig hægt að taka þátt í þinginu með pósti, tölvusamskiptum eða eftir öðrum tæknilegum leiðum fyrir þingið og meðan á því stendur.

14. Atkvæðagreiðsla

Ákvarðanir á þingi eru teknar með einföldum meirihluta nema annað sé ákveðið.

Ákvarðanir um lagabreytingar eru teknar með 3/4 atkvæða.

Nánar er fjallað um atkvæðagreiðslur og afgreiðslu mála í starfsreglum þingsins.

15. Boðun til þings

Stjórnin skal boða til funda félagsins eigi síðar en með þriggja (3) mánaða fyrirvara með því að senda fundarboð til allra aðildarsamtaka og áheyrnarsamtaka, bréfleiðis eða rafrænt. Í fundarboði skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- Tími og staðsetning þingsins
- Tillaga að dagskrá
- Reglur UNR
- Yfirlit yfir fresti fyrir
 - o Skráningu
 - o Breytingar á reglum
 - o Ályktanir

Nánar er fjallað um boðun til þings í starfsreglum þingsins.

Aðildarsamtök UNR geta boðað til aukaðings ef 1/3 aðildarsamtaka óska þess.

Hægt er að boða til aukaðings eigi síðar en mánuði fyrir aukaðing. Stytttri fyrirvari er háður því að öll fundargögn hafi borist aðildarsamtökunum í tæka tíð áður en aukaðingið kemur saman.

16. Dagskrá

Á aðalþingi eru að minnsta kosti eftirfarandi mál afgreidd:

1. Fundur settur
2. Lögmæti og ákvörðunarbærni þingfundar og kjörskrá ákveðin.
3. Kjör
 - a. fundarstjóra og varafundarstjóra
 - b. fundarritara
 - c. tveggja sem undirrita fundargerð
 - d. tveggja sem telja atkvæði
4. Dagskrá samþykkt
5. Starfsreglur fyrir þingið ákveðnar
6. Ársskýrsla afgreidd
7. Ársreikningar og skýrsla endurskoðanda afgreidd
8. Ársreikningar staðfestir og samþykktir
9. Starfsáætlun ákveðin
10. Fjárhagsáætlun ákveðin
11. Ályktanir afgreiddar
 - a. Kynning á ályktunum sem berast seint

- b. Vinnuhópar skipaðir
 - c. Afgreiðsla í vinnuhópum
 - d. Ályktanir samþykktar
12. Yfirlýsingar samþykktar
 13. Kosning stjórnarformanns
 14. Kosning varaformanns
 15. Kosning stjórnar
 16. Kosning endurskoðanda og endurskoðunarfyrirtækis eða varamanns endurskoðanda
 17. Ákvörðun um tíma og staðsetningu næsta þings
 18. Önnur mál
 19. Fundarslit

Á dagskrá aukapings er setning fundar og þau erindi sem gefin voru upp sem ástæða þess að boðað er til aukapings.

17. Ályktanir

Að baki ályktunartillögnum skulu standa að lágmarki ein (1) aðildar- eða áheyrnarsamtök og skulu þær njóta stuðnings að lágmarki einna (1) aðildar- eða áheyrnarsamtaka.

Ályktanir sem berast á tilskildum tíma eru þýddar og liggja fyrir í heild sinni á einu skandinavísku máli auk finnsku og íslensku.

Tillögur að breytingum á ályktunum skulu vera skriflegar og að baki þeim skulu vera að lágmarki ein (1) aðildar- eða áheyrnarsamtök og þær skulu njóta stuðnings að lágmarki einna (1) annarra aðildar- eða áheyrnarsamtaka.

18. Starfsfólk

UNR er heimilt að hafa starfsfólk. Stjórnin ber ábyrgð á ráðningu starfsfólks.

Stjórnin getur ákveðið að fela öðrum samtökum umsjón með stjórnýslu UNR, þar með talið starfsfólki, með samstarfssamningi.

19. Reikningstímabil

Reikningstímabil félagsins er eitt almanaksár.

20. Fjármál

Reikningsár UNR er eitt almanaksár.

Stjórn UNR ber ábyrgð á að umsjón fjármála UNR sé í samræmi við finnsk lög og viðurkennda bókhaldsvenju.

UNR kýs árlega einn (1) endurskoðanda og eitt (1) endurskoðunarfyrirtæki eða varamann endurskoðanda fyrir reikningsárið.

Stjórn UNR skal árlega sækja um styrk frá Norðurlandaráði til reksturs UNR. UNR getur einnig sótt um fjármagn frá öðrum aðilum.

Þá getur stjórnin sótt um styrki til verkefna.

21. Undirritun félagsins

Forseti eða varaforseti undirrita í nafni félagsins ásamt framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórinn er staðsettur í Finnlandi.

22. Lagabreyting og upplausn félagsins

Þessar reglur eru skrifaðar á sænsku og þýddar á finnsku og íslensku. Ef ágreiningur kemur upp, gilda sænsku reglurnar.

Ákvarðanir um lagabreytingar eða upplausn félagsins skulu teknar á þingi með að lágmarki þremur fjórðu (3/4) greiddra atkvæða.

Afgreiðslu lagabreytinga eða upplausnar félagsins ber að geta í fundarboði.

Verði félagið leyst upp skulu eignir félagsins nýttar í þágu markmiða félagsins með þeim hætti sem þingið ákveður þegar það tekur ákvörðun um upplausn félagsins. Þingið ákveður hvaða samtök skulu taka við eignum félagsins í þessu skyni.